

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 71/2016

2017/EES/73/06

frá 29. apríl 2016

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagsvæðið, (hér eftir „EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/104 frá 27. janúar 2016 um leyfi fyrir blöndu með *Saccharomyces cerevisiae* MUCL 39885 sem fóðuraukefni fyrir aukategundir jörturdýra til eldis og til mjólkurframleiðslu (leyfishafi er Prosol SpA) ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um fóður. Ákvæði löggjafar um fóður skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 3) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir 161. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2382) í II. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

„162. **32016 R 0104**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/104 frá 27. janúar 2016 um leyfi fyrir blöndu með *Saccharomyces cerevisiae* MUCL 39885 sem fóðuraukefni fyrir aukategundir jörturdýra til eldis og til mjólkurframleiðslu (leyfishafi er Prosol SpA) (Stjútíð. ESB L 21, 28.1.2016, bls. 71).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2016/104, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 30. apríl 2016, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

(¹) Stjútíð. ESB L 21, 28.1.2016, bls. 71.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. apríl 2016.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.